



Reykjavík, 14. mars 2023

Efni: Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs) 35. mál.

Bjarkarhlíð vill leggja til að frumvarpið verði samþykkt. Í því felst aukin réttarvernd fyrir börn 15-17 sem verða fyrir kynferðisbrotum en eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu hafa brotþolar ekki notið réttlætis í réttarkerfinu vegna þess að kynferðislegur lágmarksaldur helst ekki í hendur við sjálfræðisaldur.

Sjálfræðisaldur er 18 ár og er það alþjóðlega viðurkennt að fólk yngra en 18 ára eru börn, samanber barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Það skýtur því skökku við að kynferðislegur lágmarksaldur sé 15 en ekki 18. Þessi staðreynd gerir það að verkum að valdamisræmi á milli eldri fullorðinnar manneskju og barns á aldrinum 15-17 ára er síður viðurkennt fyrir dómstólum. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar hafa ítrekað fengið að heyra frásagnir þolenda sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á unglingsárum af hendi geranda sem hafði yfirburði vegna aldurs og valdamisræmis.

- Virðingarfyllt,

fyrir hönd Bjarkarhlíðar

Jenný Kristín Valberg, teymisstjóri